

Ed.

56. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

Flutningsmaður: Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

Á eftir 2. málslíð 1. gr. laganna komi tveir nýir málslíðir, svo hljóðandi: Þó skal veiðitíminn ávalt vera hinn sami fyrir alla laxveiði, hvort sem er um net eða aðrar veiðivjolar, ádrátt eða stangarveiði að ræða. Veiðitíminn skal aldrei byrja fyr en 1. júní.

Í stað orðanna í 3. málslíð sömu greinar »36 stundir á viku á mánudögum« komi: 60 stundir á viku hverri, eða frá kl. 6 e. h. á föstudögum til kl. 6 f. h. á mánudögum.

Aftan við sama málslíð komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Þessi ákvæði ná þó eigi til stangarveiði.

2. gr.

Í stað orðanna í 2. málgr. 2. gr. laganna »30 faðma« komi: 100 metra.

3. gr.

Á eftir 1. málslíð 3. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Svo er og bannað að leggja net nær ármynnum en í 250 metra fjar-

lægð. Orðin »og i árósum annarshvors flóðs« i 2. málslið sömu greinar falli niður, en i stað þeirra komi: og eigi nær árósum en i 250 metra fjarlægð.

4. gr.

Í stað »9 þumlungar« á tveim stöðum i 5. gr. laganna komi: 23,5 cm. Í stað »1 $\frac{1}{2}$ þumlungur« i niðurlagi greinarinnar komi: 4 cm.

5. gr.

Í stað orðanna »alt að 100 kr. sekt« i fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: sektum, 300–1000 kr.

6. gr.

Í stað »amtmaður« i 7. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

7. gr.

Á eftir orðinu »fógeti« i fyrri málsgr. 8. gr. laganna komi: eða hreppstjóri.

8. gr.

Í stað »amtmaður« i 9. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa texta þeirra inn i meginmál laga nr. 5, 19. febr. 1886, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, eru lög in um friðun á laxi frá 1886 að verða 42 ára gömul og því að ýmsu leyti orðin á eftir tímanum, sjerstaklega nú á síðari árinum, síðan farið var að gefa laxveiðinni meiri gaum. Vantar i lög þessi ýms ákvæði, sem aðrar þjóðir, er laxveiði stunda, hafa í sinni löggjöf, svo sem Norðmenn. Má þar einkum nefna ákvæði, er tryggi frjálsa göngu laxins um árnar og úr einni á í aðra.

Ríður mjög á því fyrir viðgang laxins, að hann geti komist hindrunarlítið á hrygningarstaðina. En það vill víða brenna við þessa 3 mánuði af árinu, sem leyfilegt er að stunda laxveiði, að menn vilja ganga nokkuð nærri þeim stöðum, þar sem laxagangan er mest og auðveldast að veiða hann, bæði með þjettum netalögum og jafnvel með því að hliðra sjer hjá að taka upp net sín þá tíma, sem þau eiga að vera á þurru landi. Þá hefir og svonefndur ádráttur talsvert verið stundaður, og þá ekki sist við árósa og annarsstaðar, þar sem laxgöngu er helst að vænta. En ádrátturinn styggir mjög laxinn, og er það skadlegt, sjerstaklega i árósum, hamlar göngu i árnar.

Þá hefir það komið fyrir i sumum hjeruðum, að stangaveiði og netaveiði

byrja ekki á sama tíma, netaveiðin t. d. byrjar 15 dögum fyr og stangaveiði endar 15 dögum síðar. Þetta fyrirkomulag hefir það í för með sjer, að laxinn verður þar í raun og vern ófriðaður hálfum mánuði lengur en vera ber. Það er mjög áriðandi, að laxveiði byrji ekki að vorinu fyr en talsvert er gengið í árnar, því að laxveiði, sjerstaklega netalagnir og ádráttur, tálmar ávalt göngum.

Það er mjög áriðandi, til þess að lögin nái tilgangi sínum, að viðurlög við brotum gegn þeim sjeu hærri en svo, að menn geti bagnast á að brjóta þau. Refsing sú, er lögin frá 1886 leggja við brotum gegn þeim, alt að 100 kr., er alt of lág, enda mikið lægri nú en þegar lögin vorn sett, vegna peningagengisins. Um lægri sektir en 300—1000 kr. fyrir brot gegn lögum þessum virðist eigi vera að ræða, auk þess að afli og veiðarfæri sjeu npptæk.